

# S 1-8

Stjórnartíðindi C-deild, Nr. 5/1967

## AUGLÝSING um fullgildingu samnings um alþjóðaviðurkenningu réttinda í loftförum

Í samræmi við lög nr. 21 frá 16. apríl 1966 var Alþjóðaflugmálastofnuninni (International Civil Aviation Organization - ICAO) hinn 6. febrúar 1967 afhent fullgildingarskjal Íslands að samningi um alþjóðaviðurkenningu réttinda í loftförum, sem gerður var í Genf hinn 19. júní 1948 og þá undirritaður af Íslands hálfu.

Samningurinn mun ganga í gildi að því er Ísland varðar hinn 7. maí 1967 og er hann birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. Mars 1967.*

**Emil Jónsson**

Agnar Kl. Jónsson

**SÁTTMÁLI**  
**Um alþjóðlega viðurkenningu á**  
**réttindum í loftförum, gerður í Genf**  
**19. júní 1948.**

**CONVENTION**  
**On the International Recognition of**  
**Rights in Aircraft.**  
Geneva, June 19<sup>th</sup> 1948

### I. gr.

- 1) Sáttmálaríkin skuldbinda sig til að viðurkenna:
  - a. eignarétt á loftförum,
  - b. rétt vörsluhafa loftfars til að eignast það með kaupum,
  - c. rétt til að hafa vörslu loftfars samkvæmt leigusamningi, er gerður sé fyrir sex mánaða leigutíma eða lengur,
  - d. veðréttindi og áþekk réttindi í loftfari, sem eru samkvæmt samningi til tryggingar á greiðslu skuldar, er fjárhæð hennar eða hámarksfjárhæð er fastákveðin, enda séu nefnd réttindi:
    1. stofnuð samkvæmt lögum þess sáttmálaríkis, þar sem loftfarið við stofnun réttindanna var skrásett þjóðernisskráningu,

### Article I

- 1) The Contracting States undertake to recognize:
  - a) rights of property in aircraft;
  - b) rights to acquire aircraft by purchase coupled with possession of the aircraft;
  - c) rights to possession of aircraft under leases of six months or more;
  - d) mortgages, hypothèques and similar rights in aircraft which are contractually created as security for payment of an indebtedness;
 

provided that such rights

    - i) have been constituted in accordance with the law of the Contracting State in which the aircraft was registered as to nationality at the time of their

2. löglega skráð í opinbera skrá í því ríki, þar sem loftfarið er skrásett þjóðernisskráningu.

Lögmæti skrásetninga, er framkvæmdar eru hver eftir aðra í ýmsum ríkjum, skal meta samkvæmt lögum þess ríkis, þar sem loftfarið var skrásett þjóðernisskrásetningu á þeim tíma, er hver einstök skrásetning fór fram.

2) Ekkert ákvæði sáttmála þessa skal vera því til fyrirstöðu, að viðurkennd séu í löggjöf einhvers sáttmálaríkis önnur réttindi í loftfari, en sáttmálaríkin skulu eigi leyfa eða viðurkenna, að nokkur réttur gangi fyrir réttindum þeim, sem greinir í 1) mgr.

### II. gr.

1) Allar skrásetningar, er varða eitt og sama loftfar, skal rita á eina og sömu skrá.

2) Nú er eigi öðruvísi mælt í sáttmála þessum, og skulu verkanir skrásetningar á réttindum þeim, sem getur í I. gr. 1) mgr., ráðast gegnt þriðja manni samkvæmt lögum þess sáttmálaríkis, þar sem skrásetning hefur farið fram.

3) Sáttmálaríki getur lagt bann við skrásetningu hvers konar réttinda, sem eigi verða löglega stofnuð samkvæmt sjálfs þess löggjöf.

### III. gr.

1) Þjóðernisskírteini sérhvers loftfars skal greina skýrt heimilisfang stjórnvalds þess, sem skrásetninguna hefur á hendi.

2) Hver, sem er, á rétt á því að fá hjá stjórnvaldi því, sem fer með skrásetninguna, staðfest endurrit af eða útdrátt úr því, sem skrásett er. Slík endurrit eða útdrættir teljast full sönnun fyrir efni skrárinnar, uns annað sannast.

3) Nú mæla lög sáttmálaríkis, að afhending skjals til skrásetningar skuli hafa sömu réttarverkun sem skrásetning, og skal sama gilda innan marka þessa

constitution, and

ii) are regularly recorded in a public record of the Contracting State in which the aircraft is registered to nationality.

The regularity of successive recordings in different Contracting States shall be determined in accordance with the law of the State where the aircraft was registered as to nationality at the time of each recording.

2. Nothing in this Convention shall prevent the recognition of any rights in aircraft under the law of any Contracting State; but Contracting States shall not admit or recognise any rights as taking priority over the rights mentioned in paragraph 1) of this Article.

### Article II

1) All recordings relating to a given aircraft must appear in the same record.

2) Except as otherwise provided in this Convention, the effects of the recording of any right mentioned in Article I, paragraph 1), with regard to third parties shall be determined according to the law of the Contracting State where it is recorded.

3) A Contracting State may prohibit the recording of any right which cannot validly be constituted according to its national law.

### Article III

1) The address of the authority responsible for maintaining the record must be shown on every aircraft's certificate of registration as to nationality.

2) Any person shall be entitled to receive from the authority duly certified copies or extracts of the particulars recorded. Such copies or extracts shall constitute **prima facie** evidence of the contents of the record.

3) If the law of a Contracting State provides that the filing of a document for recording shall have the same effect as the recording, it shall have the same

sáttmála. Ef tilvikum er þannig farið, skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar því, að almenningur eigi þess kost að kynna sér skjalið.

effect for the purposes of this Convention. In that case, adequate provision shall be made to ensure that such document is open to the public.

4) Krefjast má sanngjarns gjalds fyrir aðstoð skrásetningarvaldsins.

4) Reasonable charges may be made for services performed by the authority maintaining the record.

#### IV. gr.

1) Nú eru kröfur hafðar uppi um:

a. laun fyrir björgun loftfars, eða

b. að varðveita loftfarið, og kröfur þessar eru samkvæmt lögum þess ríkis, þar sem björgunin eða varðveisluráðstafanirnar eru til lykta leiddar, tryggðar með hlutbundnum rétti í loftfarinu, og skulu sáttmálaríkin viðurkenna slíkan rétt og láta hann ganga fyrir öllum öðrum réttindum í loftfarinu.

2) Réttindum þeim, sem í 1) mgr. getur, skal fullnægja í öfugri röð við þá atburði, sem leiddu til réttindanna.

3) Greina má sérhver nefndra réttinda í réttindaskránni innan þriggja mánaða frá lokum björgunar eða varðveisluáðgerða.

4) Önnur sáttmálaríki skulu eigi viðurkenna nefnd réttindi, að liðnum þeim þriggja mánaða fresti, sem í 3) mgr. getur, nema fyrir lok frests þessa:

a. hafi farið fram skrásetning réttarins samkvæmt 3) mgr., og

b. fjárhæðin hafi verið ákveðin í samningi eða mál höfðað til ákvörðunar á nefndum rétti. Nú er mál höfðað, og sker löggjöf á varnarþinginu úr um, með hvaða skilorði þriggja mánaða fresturinn rofnar eða stöðvast.

5) Beita skal ákvæðum greinar þessarar án tillits til ákvæða I. gr. 2) mgr.

#### Article IV

1) In the event that any claims in respect of:

a) compensation due for salvage of the aircraft, or

b) extraordinary expenses in-despensable for the preservation of the aircraft give rise, under the law of the Contracting State where the operations of salvage or preservation were terminated, to a right conferring a charge against the aircraft, such right shall be recognised by Contracting States and shall take priority over all other rights in the aircraft.

2) The rights enumerated in paragraph 1) shall be satisfied in the inverse order of the dates of the incidents in connexion with which they have arisen.

3) Any of the said rights may, within three months from the date of the termination of the salvage or preservation operations, be noted on the record.

4) The said rights shall not be recognised in other Contracting States after expiration of the three months mentioned in paragraph 3) unless, within this period,

a) the right has been noted on the record in conformity with paragraph 3), and

b) the amount has been agreed upon or judicial action on the right has been commenced. As far as judicial action is concerned, the law of the forum shall determine the contingencies upon which the three months period may be interrupted or suspended.

5) This Article shall apply not withstanding the provisions of Article I, paragraph 2).

**V. gr.**

Forgengi einhverra réttinda þeirra, sem talin eru í I. gr 1) mgr. d., tekur til allra þeirra fjárhæða, sem réttindin tryggja. Forgengis njóta þó einungis þeir vextir, sem fallið hafa á í þrjú næstu ár fyrir upphaf lögsóknar, og svo þeir vextir, sem falla á, meðan á lögsókn stendur.

**VI. gr.**

Nú er loftfar eða einhver réttindi í því kyrrsett, tekin fjárnámi eða seld nauðungarsölu, og er sáttmálaríkjum eigi skylt að viðurkenna, þannig að lánadrottinn sá, sem framkvæmir kyrrsetninguna eða fjárnámið, eða kaupandi bíði tjón af, nein þau réttindi, sem getur í I. gr. 1) mgr., eða aðiljaskipti slíkra réttinda, svo fremi réttindin eru stofnuð eða yfirfærð af þeim aðilja, sem lögsókninni er beint gegn, eftir að hann hefur öðlast vitneskju um söluna eða aðförina.

**VII. gr.**

1) Tilhögun nauðungarsölu á loftfari fer að lögum þess sáttmálaríkis, þar sem salan fer fram.

2) Gæta ber þó eftirtalinna reglna:

a. Stund og stað sölunnar skal tiltaka eigi skemmri tíma en 6 vikur fyrir fram.

b. Lánadrottinn sá, sem framkvæmir fjárnámið, skal afhenda dóminum eða öðru bæru stjórnvaldi staðfestan útdrátt af því, sem skrásett hefur verið um loftfarið. Hann skal auglýsa uppboðið opinberlega á þeim stað, þar sem loftfarið er skrásett þjóðernisskráningu samkvæmt lögum þeim, er þar gilda, a.m.k. einn mánuð fyrir hinn fastákveðna dag. Hann skal jafnan tilkynna hina ákveðnu sölu í ábyrgðarbréfi, ef unnt er í loftpósti, hinum skrásetta eiganda og handhöfum skrásettra réttinda í loftfarinu og svo handhöfum réttinda, sem skrásett eru samkvæmt IV. gr. 3) mgr., enda skal senda hina bréflegu tilkynningu til

**Article V**

The priority of a right mentioned in Article I, paragraph 1) d), extends to all sums thereby secured. However, the amount of interest included shall not exceed that accrued during the three years prior to the execution proceedings together with that accrued during the execution proceedings.

**Article VI**

In case of attachment or sale of an aircraft in execution, or of any right therein, the Contracting States shall not be obliged to recognise, as against the attaching or executing creditor or against the purchaser, any right mentioned in Article I, paragraph 1), or the transfer of any such right, if constituted or effected with knowledge of the sale or execution proceedings by the person against whom the proceedings are directed.

**Article VII**

1) The proceedings of a sale of an aircraft in execution shall be determined by the law of the Contracting State where the sale takes place.

2) The following provisions shall however be observed:

a) The date and place of the sale shall be fixed at least six weeks in advance.

b) The executing creditor shall supply to the Court or other competent authority a certified extract of the recording concerning the aircraft. He shall give public notice of the sale at the place where the aircraft is registered as to nationality, in accordance with the law there applicable, at least one month before the day fixed, and shall concurrently notify by registered letter, if possible by air mail, the recorded owner and the holders of recorded rights in the aircraft and of rights noted on the record under Article IV, paragraph 3), according to their addresses as shown on the record.

heimilisfangs þeirra samkvæmt réttindaskrá.

3) Nú er eigi farið eftir reglum þeim, sem greinir í 2) mgr. að ofan, og hefur það þær afleiðingar, er mæla lög þess sáttmálaríkis, þar sem salan fer fram. Þó má ómerkja hverja þá sölu, sem fram hefur farið andstætt nefndum reglum, samkvæmt kröfu hvers þess aðilja, sem tjón bíður við slík afbrigði, enda beri hann kröfu sína fram, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá söluþegi.

4) Enga nauðungarsölu má til lykta leiða, nema öll réttindi, sem ganga samkvæmt sáttmála þessum fyrir kröfu lánardrottins þess, sem lögsækir, og leiddar eru sönnur að fyrir bæru stjórnvaldi, greiðist af söluverðinu eða kaupandi viðurkennir, að þau séu tryggð í loftfarinu.

5) Nú hefur loftfar, sem á hvíla réttindi samkvæmt I. gr. til tryggingar kröfu, ákveðinni að fjárhæð eða hámarksfjárhæð, valdið tjóni á mönnum eða fémunum á jörðu niðri í sáttmálaríki því, þar sem nauðungarsalan fer fram, og hald er lagt á nefnt loftfar eða annað loftfar sama eiganda, sem á hvíla sams konar réttindi í þágu sama lánardrottins, og má í lögum nefnds ríkis kveða svo á:

a) að ákvæði ofanskráðrar 4) mgr. skuli eigi beita gegn tjónþolanda eða réttartökum hans, svo fremi hann eða þeir eru lögsækjendur,

b) að engin réttindi þeirra, sem getur í I. gr. og eru til tryggingar skuldbindingu, ákveðinni að fjárhæð eða hámarksfjárhæð, og hvíla á loftfarinu, skuli njóta forgengis gegnt tjónþolanda eða réttartaka hans umfram 80% söluverðsins.

3) The consequences of failure to observe the requirements of paragraph 2) shall be as provided by the law of the Contracting State where the sale takes place. However, any sale taking place in contravention of the requirements of that paragraph may be annulled upon demand made within six months from the date of the sale by any person suffering damage as the result of such contravention

4) No sale in execution can be effected unless all rights having priority over the claim of the executing creditor in accordance with this Convention which are established before the competent authority, are covered by the proceeds of sale or assumed by the purchaser.

5) When injury or damage is caused to persons or property on the surface of the Contracting State where the execution sale takes place, by any aircraft subject to any right referred to in Article I held as security for an indebtedness, unless adequate and effective insurance by a State or an insurance undertaking in any State has been provided by or on behalf of the operator to cover such injury or damage, the national law of such Contracting State may provide in case of the seizure of such aircraft or any other aircraft owned by the same person and encumbered with any similar right held by the same creditor:

a) that the provisions of paragraph 4) above shall have no effect with regard to the person suffering such injury or damage or his representative if he is an executing creditor;

b) that any right referred to in Article I held as security for an indebtedness encumbering the aircraft may not be set up against any person suffering such injury or damage or his representative in excess of an amount equal to 80% of the sale price.

Eigi skal þó beita þessum ákvæðum, þá er notandi sá, sem er ábyrgur fyrir loftfarinu, hefur tekið nægilega og virka váttryggingu eða tekin er á hans vegum slík váttrygging hjá ríki eða váttryggingarfélagi í einhverju ríki til greiðslu slíks tjóns á mönnum eða fémunum.

Nú setja lög sáttmálaríkis, þar sem sala fer fram, eigi önnur mörk, og ber að telja váttryggingu nægilega í merkingu ofangreinds ákvæðis, ef váttryggingarfjárhæðin jafngildir að verðmæti því loftfari nýju, sem aðför er gerð í.

6) Útgjöld, sem kræf eru að lögum þess sáttmálaríkis, þar sem sala fer fram, og innt hafa verið af hendi í sameiginlega þágu lánardrottna við lögsókn þá, sem til sölu leiddi, skal greiða af söluverði á undan hverri annarri kröfu, þar með töldum þeim, sem forgengis njóta samkvæmt IV. gr.

### VIII. gr.

Nauðurnarsala loftfars samkvæmt VII. gr. hefur í för með sér, að eignarréttur að loftfarinu flyst til kaupanda án allra hafta, sem hann tekur eigi á sig.

### IX. gr.

Þá er frá er skilin nauðungarsala samkvæmt VII. gr., skal enginn flutningur loftfars frá þjóðernisskrá eða réttindaskrá eins sáttmálaríkis til sams konar skrár í öðru sáttmálaríki eiga sér stað, nema allir handhafar skrásettra réttinda hafi hlotið fullnustu eða veiti samþykki sitt til flutningsins.

### X. gr.

1) Nú taka skrásett réttindi í loftfari, sem getur í I. gr. og eru til tryggingar á efnd skuldbindingar, er fjárhæð hennar eða hámarksfjárhæð er ákveðin, samkvæmt lögum þess sáttmálaríkis, þar sem

In the absence of other limit established by the law of the Contracting State where the execution sale takes place, the insurance shall be considered adequate within the meaning of the present paragraph if the amount of the insurance corresponds to the value when new of the aircraft seized in execution.

6) Costs legally chargeable under the law of the Contracting State where the sale takes place, which are incurred in the common interest of creditors in the course of execution proceedings leading to sale, shall be paid out of the proceeds of sale before any claims, including those given preference by Article IV.

### Article VIII

Sale of an aircraft in execution in conformity with the provisions of Article VII shall effect the transfer of the property in such aircraft free from all rights which are not assumed by the purchaser.

### Article IX

Except in the case of a sale in execution in conformity with the provisions of Article VII, no transfer of an aircraft from the nationality register or the record of a Contracting State to that of another Contracting State shall be made, unless all holders of recorded rights have been satisfied or consent to the transfer.

### Article X

1) If a recorded right in an aircraft of the nature specified in Article I, and held as security for the payment of an indebtedness, extends, in conformity with the law of the Contracting State where

loftfarið stendur á þjóðernisskrá, yfir varahluti, sem eru í birgðageymslu á einum eða fleirum tilteknum stöðum, og skulu öll sáttmálaríki viðurkenna slík réttindi, meðan varahlutirnir eru á þessum stað eða stöðum, senda sé fyrir hendi á þeim stað, þar sem varahlutirnir eru geymdir, hentanleg auglýsing, sem tilgreinir tegund réttindanna, nafn og heimilisfang réttindahafa og þá skrá, þar sem réttindin eru skrásett, þannig að þriðji aðili megi glögglega sjá, að veðband hvílir á varahlutunum.

2) Listi, sem greinir tegund og tölu varahlutanna hér um bil, skal fylgja eða vera tekinn upp í hið skrásetta skjal. Skipta má á varahlutunum og öðrum áþekktum varahlutum, án þess réttur lánardrottins skerðist við það.

3) Ákvæðum í VII. gr. 1) mgr. og 4) mgr. og ákvæðum VIII. gr. skal beita um nauðungarsölu varahluta. Nú hefur lánardóttinn sá, sem aðför gerir, enga hlutbundna tryggingu í þeim, og skal beita ákvæðum VII. gr. 4) mgr., að því leyti að sala má samkvæmt nefndu ákvæði fram fara, svo fremi gert er boð, sem nemur eigi minna en 2/3 af verðmæti varahlutanna samkvæmt mati sérfróðra manna, sem skipaðir eru til matsstarfana af stjórnvaldi því, sem framkvæmir sölu. Þá er og hinu bæra stjórnvaldi rétt að takmarka í þágu lánardrottins þess, sem stendur að aðförinni, þá fjárhæð, sem koma á í hlut réttindahafa, er á undan ganga, við 2/3 sölufjárhæðar, þá er frá hefur verið dreginn kostnaður sá, sem greinir í VII. gr. 6) mgr.

4) Varahlutir taka í merkingu greinar þessarar yfir hluta loftfara, hreyfla, skrúfur, útvarpstæki, áhöld, innanbúnað og fylgitæki og svo hluta þeirra og alla aðra hluti, hværrar tegundar sem er, sem geymdir eru í því skyni að verða settir í loftför í staðinn fyrir hluta eða hluti, sem teknir eru úr þeim.

the aircraft is registered, to spare parts stored in a specified place or places, such right shall be recognised by all Contracting States, as long as the spare parts remain in the place or places specified, provided that an appropriate public notice, specifying the description of the right, the name and address of the holder of this right and the record in which such right is recorded, is exhibited at the place where the spare parts are located, so as to give due notification to third parties that such spare parts are encumbered.

2) A statement indicating the character and the approximate number of such spare parts shall be annexed to or included in the recorded document. Such parts may be replaced by similar parts without affecting the right of the creditor.

3) The provisions of Article VII, paragraphs 1) and 4), and of Article VIII shall apply to a sale of spare parts in execution. However, where the executing creditor is an unsecured creditor, paragraph 4 of Article VII in its application to such a sale shall be construed so as to permit the sale to take place if a bid is received in an amount not less than two-thirds of the value of the spare parts as determined by experts appointed by the authority responsible for the sale. Further, in the distribution of the proceeds of sale, the competent authority may, in order to provide for the claim of the executing creditor, limit the amount payable to holders of prior rights to two-thirds of such proceeds of sale after payment of the costs referred to in Article VII, paragraph 6).

4) For the purpose of this Article the term "spare parts" means parts of aircraft, engines, propellers, radio apparatus, instruments, appliances, furnishings, parts of any of the foregoing, and generally any other articles of whatever description maintained for installation in aircraft in substitution for parts or articles removed.

**XI. gr.**

1) Ákvæðum sáttmála þessa skal í hverju sáttmálaríki beita um öll loftför, sem skrásett eru þjóðernisskrásetningu í öðru sáttmálaríki.

2) Sérhvert sáttmálaríki skal enn fremur beita um loftför, sem þar í ríki eru skrásett þjóðernisskrásetningu:

a. ákvæðum I., III. og IX. gr., og svo

b. ákvæðum IV. gr., nema björgunar- og varðveisluráðstafanirnar séu til lykta leiddar á yfirráðasvæði þess ríkis sjálfs.

**XII. gr.**

Ekkert ákvæði sáttmála þessa skal vera því til fyrirstöðu, að nokkurt sáttmálaríki beiti lögum sínum um innflutning fólks, toll og loftferðir um loftfar.

**XIII. gr.**

Sáttmála þessum skal eigi beita um loftför hers, tollyfirvalda eða lögreglu.

**XIV. gr.**

Bærir handhafar dómgæslu og framkvæmdarvalds í sáttmálaríkjum geta með þeim takmörkunum, sem lög í heimalöndum þeirra setja, haft beint samstarf um framkvæmd á ákvæðum sáttmála þessa.

**XV. gr.**

Sáttmálaríkin skulu gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að framkvæma ákvæði þessa sáttmála, og samstundis tilkynna aðalritara Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar um slíkar ráðstafanir.

**XVI. gr.**

Orðið "loftfar" skal í merkingu sáttmála þessa taka yfir loftfarsskrokkinn, hreyfla, skrufur, útvarpstæi og alla aðra hluti, sem ætlaðir eru til nota í loftfarinu, hvort heldur þeir eru skeyttir í það eða teknir um stundarsakir úr sambandi við það.

**Article XI**

1) The provisions of this Convention shall in each Contracting State apply to all aircraft registered as to nationality in another Contracting State.

2) Each Contracting State shall also apply to aircraft there registered as to nationality:

a) The provisions of Articles II, III, IX, and

b) The provisions of Article IV, unless the salvage or preservation operations have been terminated within its own territory.

**Article XII**

Nothing in this Convention shall prejudice the right of any Contracting State to enforce against an aircraft its national laws relating to immigration, customs or air navigation.

**Article XIII**

This Convention shall not apply to aircraft used in military, customs or police services.

**Article XIV**

For the purpose of this Convention, the competent judicial and administrative authorities of the Contracting States may, subject to any contrary provision in their national law, correspond directly with each other.

**Article XV**

The Contracting States shall take such measures as are necessary for the fulfilment of the provisions of this Convention and shall forthwith inform the Secretary General of the International Civil Aviation Organization of these measures.

**Article XVI**

For the purposes of this Convention the term "aircraft" shall include the airframe, engines, propellers, radio apparatus, and all other articles intended for use in the aircraft whether installed therein or temporarily separated therefrom.

**XVII. gr.**

Nú er sjálfstæð þjóðernirsskrá haldin á nokkru landssvæði, sem sáttmálaríki ber gegnt erlendum ríkjum ábyrgð á og skulu tilvísanir í sáttmála þessum til laga sáttmálaríkis þá taka, að því er landssvæðið varðar, yfir tilvísanir til laga þess.

**XVIII. gr.**

Heimilt skal að undirrita sáttmála þennan, uns hann tekur gildi samkvæmt ákvæðum XX. gr.

**XIX. gr.**

1) Sáttmáli þessi þarfnast fullgildingar af hendi ríkja þeirra, sem hafa undirritað hann.  
2) Fullgildingarskjölum skal koma til varðveislu í skjalavörslu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem tilkynnir varðveislutökuna hverju ríki, sem undirritað hefur sáttmálann eða gerst aðili að honum.

**XX. gr.**

1) Nú hafa tvö ríki, sem undirritað hafa sáttmálann, komið fullgildingarskjölum á sáttmála þessum til varðveislu, og gengur hann í gildi milli ríkja þessara á nítugasta degi frá setningu seinna fullgildingarskjalsins í varðveislu. Að því er varðar hvert það ríki, sem eftir nefndan tíma setur fullgildingarskjal sitt í varðveislu, gengur sáttmálinn í gildi á nítugasta degi frá setningu fullgildingarskjalsins í varðveislu.  
2) Alþjóðaflugmálastofnunin skal tilkynna hverju undirritunarríki, hvaða dag sáttmálinn tekur gildi.  
3) Aðalritari Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skal skrásetja sáttmálann þegar eftir gildistöku hans hjá Sameinuðu þjóðunum.

**Article XVII**

If a separate register of aircraft for purposes of nationality is maintained in any territory for whose foreign relations a Contracting State is responsible, references in this Convention to the law of the Contracting State shall be construed as references to the law of that territory.

**Article XVIII**

This Convention shall remain open for signature until it comes into force in accordance with the provisions of Article XX.

**Article XIX**

1) This Convention shall be subject to ratification by the signatory States.  
2) The instruments of ratification shall be deposited in the archives of the International Civil Aviation Organization, which shall give notice of the date of deposit to each of the signatory and adhering States.

**Article XX**

1) As soon as two of the signatory States have deposited their instruments of ratification of this Convention, it shall come into force between them on the ninetieth day after the date of the deposit of the second instrument of ratification. It shall come into force, for each State which deposits its instrument of ratification after that date, on the ninetieth day after the deposit of its instrument of ratification.  
2) The International Civil Aviation Organization shall give notice to each signatory State of the date on which this Convention comes into force.  
3) As soon as this Convention comes into force, it shall be registered with the United Nations by the Secretary General of the International Civil Aviation Organization.

**XXI. gr.**

1) Rétt er ríkjum sem eigi hafa undirritað sáttmála þennan, að gerast aðiljar að honum, eftir að hann hefur gengið í gildi.

2) Ríki gerist aðili með því að koma aðildartökuskjali sínu til varðveislu í skjalavörslu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem síðan tilkynnir hverju því ríki, sem undirritað hefur sáttmálann eða gerst hefur aðili að honum, um dag varðveislusetningar.

3) Aðildin verður virk á níutugasta degi frá varðveislusetningu aðildartökuskjalsins í skjalavörslu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

**XXII. gr.**

1) Aðildarríki hvert getur sagt upp aðild sinni með tilkynningu til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem tilkynnir hverju því ríki, sem undirritað hefur sáttmálann eða gerst hefur aðili að honum, um dag þann, er henni barst uppsögnin.

2) Uppsögn verður virk eftir sex mánuði frá þeim degi, er hún barst Alþjóðaflugmálastofnuninni.

**XXIII. gr.**

1) Rétt er ríki hverju, þá er það kemur fullgindingar- eða aðildartökuskjali sínu til varðveislu, að lýsa því, að aðild þess að sáttmála þessum skuli eigi taka til eins eða fleiri yferráðasvæða, er ríkið ber ábyrgð á gegnt öðrum ríkjum.

2) Alþjóðaflugmálastofnunin tilkynnir hverju því ríki, sem undirritað hefur sáttmálann eða gerst hefur aðili að honum, yfirlýsingu þessa.

3) Sáttmáli þessi gildir fyrir öll yferráðasvæði, er sáttmálaríki bet ábyrgð á gegnt öðrum ríkjum, að undanskildum þeim yferráðasvæðum, sem yfirlýsing samkvæmt 1) þessarar greinar tekur til.

**Article XXI**

1) This Convention shall, after it has come into force, be open for adherence by non-signatory States.

2) Adherence shall be effected by the deposit of an instrument of adherence in the archives of the International Civil Aviation Organization, which shall give notice of the date of the deposit to each signatory and adhering State.

3) Adherence shall take effect as from the ninetieth day after the date of the deposit of the instrument of adherence in the archives of the International Civil Aviation organization.

**Article XXII**

1) Any Contraction State may denounce this Convention by notification of denunciation to the International Civil Aviation Organization, which shall give notice of the date of receipt of such notification to each signatory and adhering State.

2) Denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the International Civil Aviation Organization of the notification of denunciation.

**Article XXIII**

1) Any State may at the time of deposit of its instrument of ratification or adherence, declare that its acceptance of this Convention does not apply to any one or more of the territories for the foreign relations of which such State is responsible.

2) The International Civil Aviation Organization shall give notice of any such declaration to each signatory and adhering State.

3) With the exception of territories in respect of which a declaration has been made in accordance with paragraph 1) of this Article, this Convention shall apply to all territories for the foreign relations of which a Contracting State is

4) Hverju ríki er rétt að gerast aðili að sáttmála þessum sér í lagi, að því er varðar eitt eða öll þeirra yferráðasvæða, er það hefur gefið yfirlýsingu fyrir samkvæmt 1) greinar þessarar, og skulu ákvæði 2) og 3) XXI. gr. gilda um slíka aðildartöku.

5) Rétt er ríki hverju að segja upp sáttmála þessum samkvæmt ákvæðum XXII. gr sér í lagi fyrir öll eða eitthvert þeirra yferráðasvæða, er það ber ábyrgð á gegnt örðum ríkjum.

Þessu til staðfestu hafa stjórnarfulltrúar samkvæmt fullri heimild undirritað sáttmála þennan.

Gert í Genf 19. júní 1948 á ensku, frönsku og spönsku, og eru allir textar jafngildir.

Sáttmála þessum skal koma til varðveislu í Alþjóðaflugmálastofnuninni, og er heimilt að undirrita hann þar samkvæmt XVIII. gr.

responsible.

4) Any State may adhere to this Convention separately on behalf of all or any of the territories regarding which it has made a declaration in accordance with paragraph 1) of this Article and the provisions of paragraph 2) and 3) of Article XXI shall apply to such adherence.

5) Any Contracting State may denounce this Convention, in accordance with the provisions of Article XXII, separately for all or any of the territories for the foreign relations of which such State is responsible.

In witness whereof the undersigned Plenipotentiaries, having been duly authorized, have signed this Convention.

Done at Geneva, on the nineteenth day of the month of June of the year one thousand nine hundred and forty-eight in the English, Franch and Spanish languages, each text being of equal authenticity.

This Convention shall be deposited in the archives of the International Civil Aviation Organization where, in accordance with Article XVIII it shall remain open for signature.